



Vinnuskóli 2026

Vinnuskóli Svalbarðsstrandarhrepps verður starfandi í sumar fyrir ungmenni fædd 2010, 2011, 2012 og 2013 þ.e. fyrir 7. til 10. bekk. Skráning í Vinnuskólann er rafræn á heimasíðu hreppsins undir: svalbardsstrond.is/thjonusta/vinnuskoli.

Kynningarfundur um starfsemi Vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps verður haldinn í Valsárskóla miðvikudaginn 10. júní kl. 15:30.

Foreldrar/forráðamenn eru velkomnir með á fundinn þar sem farið verður yfir verkefni sumarsins, vinnureglur og launakjör. Fyrsti vinnudagur nemenda 8.-10. bekkjar er þriðjudagurinn 16. júní, nemendur 7. bekkjar mæta í fyrsta sinn fimmtudaginn 18. júní. Mæting er við áhaldahús hreppsins og hefst vinna alla daga stundvíslega klukkan 8.

Litið er svo á að ef ungmenni mætir ekki á fundinn eða tilkynnir ekki forföll muni hann ekki þiggja vinnu við Vinnuskólann.

Nemendur geta aðeins hafið störf hafi þeir skilað undirrituðu leyfisbréfi frá forráðamanni.

Leyfisbréf fyrir Vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps 2026

Ég undirrituð/undirritaður gef (nafn nemanda og kennitala)

leyfi til þess að sækja vinnu í Vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps sumarið 2026.

Foreldri/forráðamaður: _____

Sími forráðamanns: _____

Netfang forráðamanns: _____